



Reykjavík, 14. ágúst 2025
MSS25080034

Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um úttekt Innri endurskoðunar á veikindahlutföllum starfsmanna Reykjavíkurborgar

Borgarráð samþykkir að fara þess á leit við innri endurskoðun Reykjavíkurborgar (IER) að framkvæma úttekt á veikindaréttindum borgarstarfsmanna, veikindahlutföllum og þeim kostnaði sem af veikindum hlýst. IER verði falið að kortleggja stöðuna á hverju sviði fyrir sig og kynna leiðir til úrbóta.

Greinargerð:

Í svari mannauðs- og starfsumhverfissviðs við fyrirspurn endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar, dagsett 2. desember 2024, kemur fram að veikindahlutfall hjá starfsmönnum borgarinnar hafi verið 7,7% árið 2023 ([https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/Svar MOS við fyrirspurn endurskoðunarnefndar 2.12.24.pdf](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/Svar_MOS_við_fyrirspurn_endurskoðunarnefndar_2.12.24.pdf)).

Í framhaldi af framanrituðu svari óskuðu fulltrúar Sjálfstæðisflokks upplýsinga um þann kostnað sem hlýst af veikindum starfsfólks en af svarinu sem barst 4. apríl 2025 kom fram að veikindi starfsmanna kostuðu borgarsjóð um 6 milljarða árið 2023 og 6,2 milljarða árið 2024 (<https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/Svar%20við%20fyrirspurn%20borgarráðsfulltrúa%20Sjálfstæðisflokksins%20um%20veikindahlutfall%20starfsfólks%20Reykjavíkurborgar%20MSS25010153.pdf>). Telja fulltrúarnir brýnt að kallað verði eftir úttekt innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar á veikindahlutföllum starfsmanna Reykjavíkurborgar, þar sem staðan og framkvæmdin verði kortlögð og leiðir til úrbóta útlistaðar.



Reykjavík